



## Stefna um útilokun í eignasöfnum LV

### 1. Inngangur

Stefna um útilokun eigna í eignasöfnum LV er undirstefna Stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar. Stefnan nær til allra eignasafna LV.

Með útilokun er átt við að LV forðast eignarhald á verðbréfum sem gefin eru út af tilteknum fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Stefnan felur ekki í sér afdráttarlausu skyldu til tafarlausrar útilokunar heldur veitir framkvæmdastjóra heimild til að taka slíkar ákvarðanir í samræmi við stefnuna.

Áhersla er á að beita útilokun þar sem LV fer með beint eignarhald. Beiting útilokunar getur verið erfiðari í útfærslu þar sem eignarhald er óbeint til að mynda þegar fjárfest er í sjóðum. Eftir sem áður er leitast við að uppfylla útilokun samkvæmt stefnunni í eins miklum mæli og unnt er á hverjum tíma.

### 2. Forsendur útilokunar

LV útilokar verðbréf úr eignasafni sínu séu þau gefin út af fyrirtæki eða opinberum aðila sem hefur tekjur af tiltekinni starfsemi eða gerist brotlegur við ákvæði tiltekinna alþjóðasáttmála. Nánar er fjallað um viðmið þessu tengt í kafla 2.1

LV getur einnig ákveðið útilokun byggða á öðrum forsendum en fram koma í kafla 2.1 Er þá einkum horft til þeirra viðmiða sem er að finna í ýmsum stefnum og reglum sjóðsins eins og nánar er vikið að í kafla 2.2

#### 2.1 Útilokun vegna eðlis starfsemis eða brota á alþjóðasáttmála

##### Jarðefnaeldsneyti (e. Fossil Fuel)

LV útilokar tiltekna starfsemi tengda jarðefnaeldsneyti og telur að slík útilokun hafi jákvæð áhrif á langtímaávöxtun sjóðsins. Útilokun er einnig byggð á umhverfissjónarmiðum, m.a. markmiðum Parísarsáttmálans sem kveður á um kolefnishlutleysi fyrir árið 2050.

Útilokun LV tekur til fyrirtækja sem rekja meira en 5% tekna sinna undanfarið almanaksár til námuvinnslu tengdri olíusandi (e. Oil sands), olíuleirsteini (e. Oil shale) og/eða kolum til hitunar (e. Thermal coal).

##### Tóbak (e. Tobacco)

LV útilokar tiltekna starfsemi tengda tóbaksframleiðslu og telur að slík útilokun hafi jákvæð áhrif á langtímaávöxtun sjóðsins. Einnig er horft til kostnaðar samfélaga vegna heilsutengdra áhrifa tóbaks auk þess sem þrengt er að tóbaksiðnaði með ýmsum opingerum aðgerðum, s.s. lagasetningu og skattlagningu.

Útilokun LV tekur til fyrirtækja er rekja einhvern hluta tekna sinna til framleiðslu neysluvara úr tóbaki, t.d. sígarettur og vindlingar.

##### Umdeild vopn (e. Controversial Weapons)



Umdeild vopn eru ýmist eru háð alþjóðasamningum (s.s. Genfarsáttmálanum) og/eða vopn sem geta valdið miklum skaða t.d. á almenningi. LV telur fjárfestingu í fyrirtækjum er stuðla að framleiðslu slíkra vopna brjóta gegn gildum sjóðsins og eru þau útilokuð á þeim grunni.

Útilokun LV tekur til fyrirtækja sem rekja einhvern hluta tekna sinna til framleiðslu klasasprengrja, jarðsprengja, sýkla-og efnavopna, vopna sem innihalda skert úran, blindunarleysvopna, íkveikjuvopna og/eða ógreinanlegar agnir.

### **Alþjóðasáttmálar**

Alþjóðasáttmálar eru sáttmálar þar sem aðildarríki undirgangast tiltekin viðmið með þátttöku sinni. LV telur fjárfestingu í fyrirtækjum er brjóta tiltekna alþjóðasáttmála brjóta gegn gildum sjóðsins og eru þau útilokuð á þeim grunni.

Útilokun LV á sviði alþjóðasáttmála tekur til Hnatræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact). Sáttmálinn er byggður á fjórum sáttmálum Sameinuðu þjóðanna<sup>1</sup> og samanstendur af 10 grundvallarviðmiðum sem taka til mannréttinda, vinnumarkaðar, umhverfis og spillingar. Fyrirtæki sem brotleg eru við UN Global Compact eru útilokuð í eignasöfnum LV.

## **2.2 Útilokun byggð á öðrum forsendum**

Auk útilokana sem byggðar eru á þeim forsendum sem tilteknar eru í kafla 2.1 getur LV einnig útilokað útgefendur brjóti þeir gegn öðrum viðmiðum sem LV lítur til, hvort sem um er að ræða fyrirtæki eða opinbera aðila. Í þessum efnunum er einkum horft til innlendra fyrirtækja.

Þau viðmið sem LV lítur til koma m.a. fram í fjárfestingarstefnu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar, hluthafastefnu, lögum, reglugerðum, alþjóðlegum sáttmálum eða viðurkenndum viðmiðum eins og leiðbeiningum um stjórnhætti.

Ef LV telur útgefanda fara gegn viðmiðum sem tiltekin eru í kafla 2.2. leitar hann almennt eftir samtali við útgefandann með það að markmiði að fá hann til að bæta þar úr. Ef niðurstaðan er ekki ásættanleg að mati LV útilokar sjóðurinn fjármálagerninga viðkomandi útgefanda úr fjárfestingarmengi sjóðsins.

---

<sup>1</sup> The Universal Declaration of Human Rights; The International Labor Organization's Declaration on Fundamental Principles and Rights at work; The Rio Declaration on Environment and Development og The United Nations Convention Against Corruption.



### 3. Ákvörðun um útilokun

#### 3.1 Útilokun samkvæmt grein 2.1

Ákvörðun um útilokun útgefanda skv. gr. 2.1 byggir á eigin greiningu sjóðsins og skal staðfest af framkvæmdastjóra að undangenginni kynningu og umræðu í nefnd LV um ábyrgar fjárfestingar. Við greiningu á útgefendum er m.a. stuðst við erlendar gagnaveitur, mat annarra sérhæfðra aðila, álit ráðgjafa sem og innri greiningu LV.

#### 3.2 Útilokun samkvæmt grein 2.2

Ákvörðun um útilokun skv. grein 2.2 er tekin af framkvæmdastjóra að undangenginni umræðu í nefnd LV um ábyrgar fjárfestingar. Til undirbúnings umræðu liggur fyrir greining sjóðsins á viðkomandi útgefanda.

Útgefendur sem eru útilokaður frá fjárfestingarmengi LV geta óskað eftir samtali við LV vegna þeirra ákvörðunar.

##### 3.2.1 Skilyrði fyrir afturköllun ákvörðunar um útilokun

Útgefendur eru fjarlægðir af útilokunarlista LV uppfylli þeir eitt eða fleiri eftirtalinnna atriða:

- a) Ef útgefandi hefur brugðist með ábyrgum hætti við afleiðungum þeirra gjörða sem voru ástæða fyrir útilokun.
- b) Ef útgefandi hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að möguleg brot/frávik sem voru ástæða útilokunar endurtaki sig í framtíðinni.
- c) Ef útgefandi hefur birt aðgerðir sínar til úrbóta með opinberum hætti

### 4. Upplýsingagjöf

LV leggur áherslu á gagnsæi við framkvæmd stefnunnar. Listi yfir útgefendur sem eru útilokaðir úr fjárfestingarmengi sjóðsins er birtur á vef sjóðsins. Listinn er að jafnaði endurskoðaður tvisvar á ári og oftast ef tilefni er til.

### 5. Samþykki og gildistaka

Stefnan er sett af stjórn LV og tekur þegar gildi.

Reykjavík, 30. september 2021  
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna